

Náttúruverndarnefnd Þingeyinga

Fundargerð NVÞ_4-2018

Húsavík, 22.10.18

Mættir: Þorkell Lindberg Þórarinsson, Arna Hjörleifsdóttir og Daníel Hansen.

Dagskrá:

1. Þingey og Skuldaþingey í Þingeyjarsveit

Beiðni um umsögn frá Þingeyjarsveit vegna deiliskipulagstillögu fyrir Þingey og Skuldaþingey. Nefndin gerir ekki efnislegar athugasemdir við deiliskipulagstillöguna en vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Náttúruverndarnefnd Þingeyinga hvetur Héraðsnefnd Þingeyinga og Þingeyjarsveit til að vinna að því að svæðið verði friðlýst sem náttúruverndarsvæði. Í friðlýsingu felst skipulögð umsjón svæðisins og gerð stjórnunar- og verndaráætlunar sem eykur faglega umsýslu á svæðinu. Í ljósi markmiðs deiliskipulagstillögunnar um að skipuleggja og útfæra nýjan ferðamannastað má nefna að náttúruverndarsvæði hafa í eðli sínu mikið aðdráttarafi fyrir ferðamenn. Nýlegar rannsóknar sýna fram á að efnahagslegt gildi náttúruverndarsvæða er mjög mikið og því myndi friðlýsing svæðisins styrkja mjög ferðaþjónustu á svæðinu.

2. Deiliskipulag þéttbýliskjarna í Aðaldal

Erindi frá Þingeyjarsveit vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi við þéttbýli við Hafralæk í Aðaldal.

Náttúruverndarnefnd Þingeyinga gerir ekki athugasemdir við framkomna breytingatillögu.

3. Umsögn vegna veitingu byggingarleyfis Villigarðs í Vogum í Mývatnssveit

Erindi frá Skútustaðahreppi vegna byggingarleyfis fyrir Villigarð í landi Voga í Mývatnssveit. Skv. 4. mgr. 61. gr náttúruverndarlaga nr. 60/2013 þarf umsögn nefndarinnar áður en leyfi til framkvæmda er gefið út þar sem ekki liggur fyrir samþykkt deiliskipulag fyrir svæðið.

Nefndin gerir ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis fyrir Villigarð í landi Voga.

Nefndin vill þó hvetja til þess að unnið verði deiliskipulag fyrir þéttbýlið í Vogum.

4. Ársskýrsla náttúruverndarnefndar Þingeyinga

Fjallað um ársskýrslu náttúruverndarnefnda sem kveðið er á um í lögum um náttúruvernd að náttúruverndarnefndir skili til Umhverfisstofnunar árlega. Á heimasíðu Umhverfisstofnunar er að finna ítarupplýsingar um þau gögn sem stofnunin telur að nefndirnar þurfi að safna saman. Náttúruverndarnefndin telur ekki að það sé á færi nefndarinnar að afla allra þeirra ítagagna sem stofnunin biður um, sérstaklega í ljósi þess að starfsvæði nefndarinnar þekur um 20% af landinu. Náttúruverndarnefndin gerir því ráð fyrir að skila af sér hefðbundinni ársskýrslu um störf sín til Umhverfisstofnunar líkt og kveðið er á um í 14. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

5. Önnur mál

a. Næsti fundur náttúruverndarnefndarinnar

Næsti fundur nefndarinnar ákveðinn miðvikudaginn 5. desember. Þar þarf að vera á dagskrá starfsáætlun fyrir næsta ár.